

Fundargerð 71. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: rafrænt á Teams

Tími: 3.11.2022 14:30

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS)

Dagskrá:

1. Fundargerð 70. stjórnarfundar

Samþykkt. Því miður finnast fundargerðir frá fundum 68 og 69 ekki og er samþykkt þeirra frestað.

2. Staða á málþingi um ofanvatns- og jarðtæknimál á mýrar- og lágsvæðum

Aldís hringdi í HSP. Þessi tími ársins, nóvember, hentaði ekki vegna annars málþings sem þau eru með á dagskrá, og óskaði eftir því að ný tímasetning yrði fundin næsta vor.

Sigurður talaði við skipulagsfólk innan Verkís. Sá sem þeim datt í hug var Stefán Gíslason.

HSP mun senda annan póst á Aldísi og spyrjast fyrir um hentuga tímasetningu.

3. Mögulegur styttri fundur í desember

Hugmynd:

- Hugmynd Reynis og Orra um málstofu um vatnsveitur sem öryggiskerfi. ST ber efnið undir Olgeir hjá Veitum og heyrir í kjölfarið í Orra og Reyni.

4. Önnur mál

Rætt um hvernig eigi að halda áfram með málstofuna um *Framtíð skólphreinsunar á Íslandi*. HÓA ræddi við Hólmfríði á Umhverfisstofnun um þetta. HÓA finnst mest spennandi að ræða um sköpun verðmætis með fráhvarfi frá því að vera að blanda mismunandi streymum saman. HSP finnst mikilvægt að ræða líka um það hvort við munum samþykkja síuákvæðið fyrir þær stóru stöðvar sem þegar eru til staðar. HÓA sagði að það væru komin skýr skilaboð frá Umhverfisstofnun varðandi þetta, þ.e. að þetta sé ekki samþykkt. Rætt að erfitt væri að taka allt fyrir á einni málstofu, hugsanlega betra að gera þetta í 2-3 minni málstofum um ákveðin efni, t.d. verðamætasköpun, varúðarregluna, viðtakarannsóknir o.fl.

Fundi var slitið kl. 15:20. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@or.is